

Bæjarstjórn - 410

FUNDARBOÐ

410. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, miðvikudaginn 20. apríl 2022 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2204001F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 11**
Lögð frma fundargerð 11. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar.
- 2. 2203007F - Skóla- og fræðslunefnd - 192**
Lögð fram fundargerð 192. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 3. 2204002F - Bæjarráð - 639**
Lögð fram fundargerð 639. fundar bæjarráðs.

Erindi til kynningar

- 4. 2112004 - Sameining Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar**
Lagt fram bréf kjörstjórnar Stykkishólmsbæjar þar sem fram koma niðurstöður sameiningakosninga.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 5. 2204003 - Ársreikningur Stykkishólmsbæjar**
Á 639. fundi bæjarráðs var lagður fram ársreikningur Stykkishólmsbæjar til fyrri umræðu. Á fundinum samþykkti bæjarráð að vísa ársreikningi til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi, mætir til fundar og gerir grein fyrir ársreikningi Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2021.
- 6. 2204008 - Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga árið 2022**
Kjörskrárstofn til Sveitastjórnarkosninga 14. maí 2022 framlagður.
- 7. 2203008 - 17. júní 2022**
Lagðar fram tilnefningar aðila í Þjóðhátíðarnefnd 2022.

Á 639. fundi sínum lagði bæjarráð til við bæjarstjórn að eftirtaldir verði kosnir í Þjóðhátíðarnefnd 2022:

Símon Hjaltalín, formaður
Anna Lind Særúnardóttir
Bjarne Ómar Nielssen
Halldóra Margrét Pálsdóttir
Sindri Þór Guðmundsson
Gísli Pálsson
Heiða María Elfarsdóttir
Þóra Sonja Helgadóttir
Þóra Margrét Birgisdóttir
Guðmundur Karl Magnússon
Sigríður Ólöf Sigurðardóttir
Janusz Lukasik
Rebekka Sóley Hjaltalín
Kristjón Daðason

8. 2112004 - Kjör í kjörstjórn

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, skv. 14. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórnar, skulu vera undirkjörstjórnir í hvoru sveitarfélagi fyrir sig við sveitarstjórnarkosningar.

Berglind Þorbergsdóttir og Gunnlaugur Árnason sögðu sig úr kjörstjórn vegna tengsla og Þóra Stefánsdóttir vegna veikinda.

Þá þarf Kristján Hildibrandsson að víkja þar sem hann er á framboðslista fyrir komandi kosningar.

9. 2106022 - Skýrsla starfshóps um stefnumörkun Stykkishólmsbæjar í málefnum einstaklinga 60 og eldri - Lokaskýrsla

Lögð fram skýrsla starfshóps um stefnumörkun Stykkishólmsbæjar í málefnum einstaklinga 60 ára og eldri. Bæjarráð þakkaði starfshópnum, á 639. fundi sínum, fyrir góða vinnu og vísaði skýrslunni til bæjarstjórnar.

10. 2107012 - Stykkishólmur í sókn - Efling atvinnulífs í Stykkishólmi

Lagt fram skilabréf starfshóps um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi ásamt lokaskýrslu.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd hvatti Stykkishólmsbæ, á 11. fundi sínum, til að fylgja fast eftir þeim 20 tillögum sem er að finna í lokaskýrslu starfshóps um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi.

Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 639. fundi sínum, að kynna tillögur og vinna áfram að málinu.

11. 1907010 - Umferðaröryggisáætlun Stykkishólmsbæjar 2021-2025

Lögð eru fram til afgreiðslu Umferðaröryggisáætlun Stykkishólmsbæjar 2021-2025. Skipulags- og byggingarnefnd fagnaði á 258. fundi sínum, því að Umferðaröryggisáætlun liggi fyrir og geti farið að þjóna hlutverki sínu sem leiðbeinandi stoðgagn í ýmsum verkefnum á vegum bæjarins. Nefndin samþykkti áætlunina fyrir sitt leiti.

Bæjarráð samþykkti, á 639. fundi sínum, umferðaröryggisáætlun Stykkishólmsbæjar 2021-2025 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

18.04.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.